

AUGLÝSING

**um samning milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja,
sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra.**

Hinn 15. maí 2007 var ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku afhent fullgildingarskjal Íslands vegna sammings milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra sem gerður var í Brussel 19. júní 1995, viðbótarbókunar við hann, sem gerð var í Brussel 19. júní 1995 og frekari viðbótarbókunar sem gerð var í Brussel 19. desember 1997. Samningurinn og bókanirnar öðluðust gildi gagnvart Íslandi 14. júní 2007. Alþingi heimilaði ríkisstjórninni hinn 17. mars 2007, með lögum nr. 72/2007, að fullgilda samninginn ásamt bókununum.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari, viðbótarbókunin frá 19. júní 1995 sem fylgiskjal 2 og viðbótarbókunin frá 19. desember 1997 sem fylgiskjal 3.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal 1.**SAMNINGUR****milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja,
sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra.**

Aðildarríkin að Norður-Atlantshafssamningnum, sem var gerður í Washington 4. apríl 1949, og ríkin sem þiggja boð um þátttöku í samstarfi í þágu friðar, sem þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnaleiðtogar aðildarríkja að Atlantshafsbandalaginu komu á framfæri og undirrituðu í Brussel 10. janúar 1994, og skrifa undir grunnskjalid um samstarf í þágu friðar,

sem saman mynda hóp ríkja sem taka þátt í samstarfi í þágu friðar,

sem telja að með samkomulagi sé unnt að senda liðsafla eins aðildarríkis að samningi þessum inn á landsvæði annars aðildarríkis og taka við honum þar,

sem hafa í huga að ákvörðun um að senda liðsafla og taka við honum verður áfram sérstakt samkomulagsatriði milli hlutaðeigandi aðildarríkja,

sem óska þess, samt sem áður, að skilgreina réttarstöðu fyrrnefnds liðsafla þegar hann er á landsvæði annars aðildarríkis,

sem minnst samningsins milli aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins um réttarstöðu liðsafla þeirra sem var gerður í London 19. júní 1951,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. gr.

Öll aðildarríki að samningi þessum skulu, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum og viðbótarbókunum við hann með tilliti til aðila að honum, beita ákvæðum samningsins milli aðila að Norður-Atlantshafssamningnum um réttarstöðu liðsafla þeirra, sem var gerður í London 19. júní 1951 og hér á eftir nefndur NATO-SOFA-samningurinn, eins og öll aðildarríki að samningi þessum væru aðilar að NATO-SOFA-samningnum.

II. gr.

Auk þess svæðis sem NATO-SOFA-samningurinn gildir um skal samningur þessi gilda um landsvæði allra aðildarríkja að samningi þessum sem eru ekki aðilar að NATO-SOFA-samningnum.

Að því er samning þennan varðar skal líta svo á að vísanir í NATO-SOFA-samningnum til þess svæðis sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til eigi einnig við um þau landsvæði sem um getur í 1. mgr. samnings þessa og líta skal enn fremur svo á að vísanir til Norður-Atlantshafssamningsins feli í sér vísanir til samstarfs í þágu friðar.

III. gr.

Komi til þess að beita ákvæðum samnings þessa vegna mála, er varða aðila sem eru ekki aðilar að NATO-SOFA-samningnum, skal túlka ákvæði NATO-SOFA-samningsins, sem fjalla um beiðnir eða ágreining sem vísa ber til Norður-Atlantshafsráðsins, formanns fulltrúaráðs Norður-Atlantshafsráðsins eða gerðarmanns, þannig að þess sé krafist af hlutaðeigandi aðilum að þeir leysi mál sín með samningaviðræðum sín á milli eða í sameiningu, án þess að þeim verði skotið til utanaðkomandi dómsvalds.

IV. gr.

Heimilt er að samþykkja viðbætur við samning þennan eða gera breytingar á honum með öðrum hætti í samræmi við reglur þjóðaréttar.

V. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu hvers þess ríkis sem er annaðhvort aðili að NATO-SOFA-samningnum eða þiggur boð um að gerast aðili að samstarfi í þágu friðar og hefur undirritað grunnskjalið um samstarf í þágu friðar.

Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Afhenda ber ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu sem aftur tilkynnir öllum ríkjum, sem hafa undirritað samninginn, um hverja slíka afhendingu.

Þrjátíu dögum eftir að þrjú undirritunarríki, þar sem að minnsta kosti eitt er aðili að NATO-SOFA-samningnum og eitt hefur þegið boð um að gerast aðili að samstarfi í þágu friðar og undirritað grunnskjalið um samstarf í þágu friðar, hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu skal samningur þessi öðlast gildi gagnvart þeim. Samningurinn öðlast gildi gagnvart hverju öðru undirritunarríki þrjátíu dögum eftir að skjal þess er afhent til vörslu.

VI. gr.

Sérhver aðili að samningi þessum getur sagt honum upp með því að tilkynna ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skriflega um það sem aftur tilkynnir öllum undirritunarríkjum um hverja slíka tilkynningu. Uppsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tekur við tilkynningunni. Eftir að fyrrnefndu eins árs tímabili lýkur gildir samningur þessi ekki lengur gagnvart þeim aðila sem segir honum upp, nema að því er varðar samninga um útistandandi kröfur sem koma fram fyrir þann dag er uppsögnin tekur gildi, en gildir áfram gagnvart þeim aðilum sem eftir standa.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 19. júní 1995 í einu frumeintaki á ensku og frönsku, sem verður afhent til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, og eru báðir textarnir jafngildir. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal senda öllum undirritunarríkjum staðfest endurrit af fyrrnefndu frumeintaki.

AGREEMENT

among the States parties to the North Atlantic Treaty and the other States participating in the Partnership for Peace regarding the status of their forces

The States Parties to the North Atlantic Treaty done in Washington on 4 April 1949 and the States which accept the invitation to the Partnership for Peace issued and signed by the Heads of State and Government of the member States of the North Atlantic Treaty Organisation in Brussels on 10 January 1994 and which subscribe to the Partnership for Peace Framework Document;

Constituting together the States participating in the Partnership for Peace;

Considering that the forces of one State Party to the Present Agreement may be sent and received, by arrangement, into the territory of another State Party;

Bearing in mind that the decisions to send and to receive forces will continue to be the subject of separate arrangements between the States Parties concerned;

Desiring, however, to define the status of such forces while in the territory of another State Party;

Recalling the Agreement between the States Parties to the North Atlantic Treaty regarding the status of their forces done at London on 19 June 1951;

Have agreed as follows:

Article I

Except as otherwise provided for in the Present Agreement and any Additional Protocol in respect to its own Parties, all States Parties to the Present Agreement shall apply the provisions of the Agreement between Parties to the North Atlantic Treaty regarding the status of their forces, done at London on 19 June 1951, hereinafter referred to as the NATO SOFA, as if all State Parties to the Present Agreement were Parties to the NATO SOFA.

Article II

In addition to the area to which the NATO SOFA applies the Present Agreement shall apply to the territory of all States Parties to the Present Agreement, which are not Parties to the NATO SOFA.

For the purpose of the Present Agreement, references in the NATO SOFA to the North Atlantic Treaty area shall be deemed also to include the territories referred to in paragraph 1 of the present Article, and references to the North Atlantic Treaty shall be deemed to include the Partnership for Peace.

Article III

For purposes of implementing the Present Agreement with respect to matters involving Parties that are not Parties to the NATO SOFA, provisions of the NATO SOFA that provide for requests to be submitted, or differences to be referred to the North Atlantic Council, the Chairman of the North Atlantic Council Deputies or an arbitrator shall be construed to require the Parties concerned to negotiate between or among themselves without recourse to any outside jurisdiction.

Article IV

The Present Agreement may be supplemented or otherwise modified in accordance with international law.

Article V

The Present Agreement shall be open for signature by any State that is either a contracting party to the NATO SOFA, or that accepts the invitation to Partnership for Peace and subscribed to the Partnership for Peace Framework Document.

The Present Agreement shall be subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Government of the United States of America, which shall notify all signatory States of each such deposit.

Thirty days after three signatory States, at least one of which is a Party to the NATO SOFA and one which has accepted the invitation to the Partnership for Peace and subscribed to the Partnership for Peace Framework Document, have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval, the Present Agreement shall enter into force in respect of those States. It shall enter into force in respect of each other signatory State thirty days after the date of deposit of its instrument.

Article VI

The Present Agreement may be denounced by any Party to this Agreement by giving written notification of denunciation to the Government of the United States of America, which will notify all signatory States of each such notification. The denunciation shall take effect one year after receipt of the notification by the Government of the United States of America. After the expiration of this period of one year, the Present Agreement shall cease to be in force as regards the Party that denounces it, except for the settlement of outstanding claims that arose before the day on which the denunciation takes effect, but shall continue to be in force for the remaining Parties.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised by their respective Governments, have signed this Agreement.

Done in Brussels, this nineteenth day of June, 1995 In the English and French languages, both texts being equally authoritative, in a single original which shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. The Government of the United States of America shall transmit certified copies thereof to all the signatory States.

Fylgiskjal 2.**VIÐBÓTARBÓKUN**

við samninginn milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra.

Ríkin, sem eiga aðild að viðbótarbókun þessari við samninginn milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra, hér á eftir nefndur samningurinn,

sem taka tillit til þess að eigi er kveðið á um dauðarefsingu í innlendri löggjöf sumra aðila að samningnum,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. gr.

Sérhvert ríki, sem er aðili að viðbótarbókun þessari, skal, að því leyti sem það fer með lögsögu samkvæmt ákvæðum samningsins, eigi fullnægja dauðadómi yfir manni í liðsafla og borgaralegri deild hans og einstaklingum úr skylduliði þeirra sem eru frá öðru ríki sem er aðili að viðbótarbókun þessari.

II. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra aðila sem hafa undirritað samninginn.

Bókun þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Afhenda ber ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu, sem aftur skal tilkynna öllum undirritunarríkjum um hverja slíka afhendingu.

Bókun þessi öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag þegar þrjú undirritunarríki, þar sem að minnsta kosti eitt er aðili að NATO-SOFA-samningnum og eitt er ríki sem hefur þegið boð um að gerast aðili að samstarfi í þágu friðar og hefur undirritað grunnskjal um samstarf í þágu friðar, hafa afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.

Bókun þessi öðlast gildi gagnvart hverju öðru undirritunarríki þann dag þegar það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu.

Gjört í Brussel 19. júní 1995 í einu frumeintaki á ensku og frönsku, sem verður afhent til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, og eru báðir textarnir jafngildir. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal senda öllum undirritunarríkjum staðfest endurrit af fyrrnefndu frumeintaki.

Additional Protocol
to the Agreement among the States Parties to the North Atlantic Treaty and the other
States participating in the Partnership for Peace regarding the status of their forces

The State Parties to the Present Additional Protocol to the Agreement among the State Parties to the North Atlantic Treaty and the other States participating in the Partnership for Peace regarding the status of their forces, hereinafter referred to as the Agreement;

Considering that the death penalty is not provided for under the domestic legislation of some Parties to the Agreement;

Have agreed as follows:

Article I

Insofar as it has jurisdiction according to the provisions of the Agreement, each State Party to the Present Additional Protocol shall not carry out a death sentence with regard to any member of a force and its civilian component, and their dependents from any other State Party to the Present Additional Protocol.

Article II

The Present Protocol shall be open for signature by any signatory of the Agreement.

The Present Protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Government of the United States of America, which shall notify all signatory States of each such deposit.

The Present Protocol shall enter into force 30 days after the date of deposit of the instrument of ratification, acceptance or approval by three signatory States, at least one of which is a Party to the NATO SOFA and one of which is a State having accepted the invitation to join the Partnership for Peace and having subscribed to the Partnership for Peace Framework Document.

The Present Protocol shall come into force in respect of each other signatory State on the date of the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval with the Government of the United States of America.

Done in Brussels, this nineteenth day of June, 1995 in the English and French languages, both texts being equally authoritative, in a single original which shall be deposited in the archives of the Government of the United States of America. The Government of the United States of America shall transmit certified copies thereof to all the signatory States.

Fylgiskjal 3.**FREKARI VIÐBÓTARBÓKUN**

við samninginn milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra.

að teknu tilliti til „samningsins milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra“ og viðbótarbókunarinnar við hann, bæði gerð í Brussel 19. júní 1995,

að teknu tilliti til nauðsynjar þess að ákvarða og koma reglu á réttarstöðu hernaðarlegra höfuðstöðva NATO og liðsmanna höfuðstöðva á landsvæði ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, í því skyni að auðvelda samskipti við heri einstakra samstarfsþjóða í þágu friðar,

að teknu tilliti til nauðsynjar þess að veita liðsmönnum herja samstarfsríkja, sem tengjast eða eru í sambandi við hernaðarlegar höfuðstöðvar NATO, og að teknu tilliti til þess að aðstæður í ákveðnum NATO-ríkjum eða samstarfsríkjum kunna að gera að verkum að æskilegt sé að mæta þeim þörfum sem lýst er hér að framan með bókun þessari,

hafa aðilar að bókun þessari orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.

Í bókun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Parísarbókin merkir“ „Bókun um réttarstöðu fjölþjóðlegra hernaðarlegra höfuðstöðva sem stofnsettar eru samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum“, gerð í París 28. ágúst 1952,
 - a) „samningurinn“ merkir, þar sem orðið kemur fyrir í Parísarbókuninni, samning NATO um réttarstöðu liðsafla eins og hann er látinn gilda með ákvæðum „samningsins milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra“ sem var gerður í Brussel 19. júní 1995,
 - b) „liðsafla“ og „borgaraleg deild“, þar sem þau orðatiltæki koma fyrir í Parísarbókuninni, hafa þá merkingu sem þeim er gefin í 3. gr. Parísarbókunarinnar og taka einnig til slíkra einstaklinga sem tengjast eða eru í sambandi við hernaðarlegar höfuðstöðvar NATO og eru frá öðrum aðildarríkjum sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar,
 - c) „einstaklingur úr skylduliði“ merkir, þar sem orðatiltækið kemur fyrir í Parísarbókuninni, maka manns í liðsafla eða borgaralegri deild, samanber skilgreiningu í b-lið þessarar greinar, eða barn slíks manns sem er háð stuðningi hans,
2. „SOFA-samningur vegna samstarfs í þágu friðar“ merkir, þar sem orðatiltækið kemur fyrir í bókun þessari, „samninginn milli aðildarríkja að Norður-Atlantshafssamningnum og annarra ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar, um réttarstöðu liðsafla þeirra“ sem var gerður í Brussel 19. júní 1995,
3. „NATO“ merkir Atlantshafsbandalagið,
4. „hernaðarlegar höfuðstöðva NATO“ merkir sameiginlegar höfuðstöðvar og aðrar fjölþjóðlegar hernaðarlegar höfuðstöðvar eða stofnanir sem falla undir 1. og 14. gr. Parísarbókunarinnar.

II. gr.

Aðilar að bókun þessari skulu, með fyrirvara um rétt aðildarríkja NATO eða ríkja, sem eru aðilar að samstarfi í þágu friðar en ekki að bókun þessari, beita ákvæðum, sem eru samhljóða ákvæðum Parísarbókunarinnar, að undanskildum áorðnum breytingum á þeim samkvæmt bókun þessari, með tilliti til starfsemi hernaðarlegra höfuðstöðva NATO og hermanna og borgaralegra liðsmanna þeirra sem fer fram á landsvæði aðila að bókun þessari.

III. gr.

1. Auk þess svæðis sem Parísarbókin gildir um skal bókun þessi gilda um landsvæði allra aðildarríkja að bókun þessari eins og fram kemur í 1. mgr. II. gr. sem eru ekki aðilar að SOFA-samningnum vegna samstarfs í þágu friðar.

2. Líta ber svo á að tilvísanir í Parísarbókuninni til þess svæðis þar sem Norður-Atlantshafs-samningurinn gildir eigi, að því er bókun þessa varðar, við um þau landsvæði er um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

IV. gr.

Ákvæði Parísarbókunarinnar, sem fjalla um að vísa beri ágreiningi til Norður-Atlantshafsráðsins, skal túlka þannig, þegar beita á bókun þessari í tengslum við mál er varða samstarfsríki, að hlutað-eigandi aðilum beri að semja sín á milli án þess að vísa ágreiningi sínum til utanaðkomandi dómsvalds.

V. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja sem hafa undirritað SOFA-samninginn vegna samstarfs í þágu friðar.
2. Bókun þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Afhenda ber ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu sem aftur tilkynnir öllum ríkjum, sem hafa undirritað bókun þessa, um hverja slíka afhendingu.
3. Þegar tvö undirritunarríki eða fleiri hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu skal bókun þessi öðlast gildi gagnvart þeim ríkjum. Bókunin öðlast gildi gagnvart hverju öðru undirritunarríki þann dag þegar það afhendir skjal sitt til vörslu.

VI. gr.

Sérhver aðili að bókun þessari getur sagt henni upp með því að tilkynna ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skriflega um það sem aftur tilkynnir öllum undirritunarríkjum um hverja slíka tilkynningu. Uppsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku tekur við tilkynningunni. Eftir að fyrrnefndu eins árs tímabili lýkur gildir bókun þessi ekki lengur gagnvart þeim aðila er segir henni upp, nema að því er varðar samninga um útistandandi kröfur sem komu fram fyrir þann dag er uppsögnin tekur gildi, en gildir áfram gagnvart þeim aðilum sem eftir standa.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Further Additional Protocol
to the Agreement among the States Parties to the North Atlantic Treaty and the Other
States participating in the Partnership for Peace regarding the Status of their Forces

Considering the "Agreement among the States Parties to the North Atlantic Treaty and the other States Participating in the Partnership for Peace regarding the Status of their Forces" and the Additional Protocol thereto, both done at Brussels, June 19, 1995;

Considering the need to establish and regulate the status of NATO military headquarters and headquarters personnel in the territory of States participating in the Partnership for Peace in order to facilitate the relationship with the Armed Forces of individual Partnership for Peace nations;

Considering the need to provide appropriate status for personnel of the Armed Forces of Partner States attached to or associated with NATO military headquarters; and wConsidering that the circumstances in particular NATO Member States or Partner States may make it desirable to meet the needs described above through the means of the present Protocol;

The Parties to the present Protocol have agreed as follows:

ARTICLE I

For purposes of the present Protocol, the expression

1. "Paris Protocol" means the "Protocol on the Status of International Military Headquarters set up pursuant to the North Atlantic Treaty," done at Paris, August 28, 1952.
 - a) The "Agreement," wherever the expression appears in the Paris Protocol, shall be construed to mean the NATO Status of Forces Agreement as made applicable through the "Agreement among the States Parties to the North Atlantic Treaty and the other States Participating in the Partnership for Peace regarding the Status of their Forces," done at Brussels, June 19, 1995.
 - b) The "force" and "civilian component", wherever those expressions appear in the Paris Protocol, have the meanings defined in Article 3 of the Paris Protocol and shall also include such persons attached to or associated with NATO military headquarters from other States Parties participating in the Partnership for Peace.
 - c) "Dependent", wherever the expression appears in the Paris Protocol, means the spouse of a member of a force or civilian component as defined in paragraph b. of the present Article, or a child of such member depending on him or her for support.
2. "PfP SOFA," wherever the expression appears in the present Protocol, means the "Agreement among the States Parties to the North Atlantic Treaty and the other States Participating in the Partnership for Peace regarding the Status of their Forces," done at Brussels, June 19, 1995.
3. "NATO" means the North Atlantic Treaty Organisation.
4. "NATO military headquarters" means Allied Headquarters and other international military headquarters or organisations falling within Article 1 and Article 14 of the Paris Protocol.

ARTICLE II

Without prejudice to the rights of States which are Members of NATO or participants in the Partnership for Peace but which are not Parties to the present Protocol, the Parties hereto shall apply provisions identical to those set forth in the Paris Protocol, except as modified in the present Protocol, with respect to the activities of NATO military headquarters and their military and civilian personnel carried out in the territory of a Party hereto.

ARTICLE III

1. In addition to the area to which the Paris Protocol applies, the present Protocol shall apply to the territory of all States Parties to the present Protocol, as described in Article II paragraph 1 of the PfP SOFA.
2. For purposes of the present Protocol, references in the Paris Protocol to the North Atlantic Treaty area shall be deemed to include the territories referred to in paragraph 1 of the present Article.

ARTICLE IV

For purposes of implementing the present Protocol with respect to matters involving Partner States, provisions of the Paris Protocol that provide for differences to be referred to the North Atlantic Council shall be construed to require the Parties concerned to negotiate between or among themselves without recourse to any outside jurisdiction.

ARTICLE V

1. The present Protocol shall be open for signature by any State that is a signatory of the PfP SOFA.
2. The present Protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Government of the United States of America, which shall notify all signatory States of each such deposit.
3. As soon as two or more signatory States have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval, the present Protocol shall come into force in respect of those States. It shall come into force in respect of each other signatory State on the date of the deposit of its instrument.

ARTICLE VI

The present Protocol may be denounced by any Party to this Protocol by giving written notification of denunciation to the Government of the United States of America, which will notify all signatory States of each such notification. The denunciation shall take effect one year after receipt of the notification by the Government of the United States of America. After the expiration of this period of one year, the present Protocol shall cease to be in force as regards the Party that denounces it, except for the settlement of outstanding claims that arose before the day on which the denunciation takes effect, but shall continue in force for the remaining Parties.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised, have signed this Protocol.

C-deild – Útgáfudagur: 16. apríl 2024